

Reglugjörð

7.
8. jan.

**um ákvæði viðvíkjandi skipshöfn, farþegum, flutningi o. fl.
með skipum, er fara frá Íslandi til annara landa.**

Samkvæmt bráðabirgðalögum 5. janúar 1918 um viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurlálfuófriðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

Þegar stjórnarráði Íslands þykir þurfa, setur það reglur um, hvort og með hvaða skilyrðum megi taka flutning og farþega með skipum, sem fara hjeðan til annara landa, svo og um það, hvers skipshafnir á skipum þessum skuli gæta og enn fremur sjerstaklega um flutning á pósti, brjefum og tilkynningum. Reglur þessar tilkynnir stjórnarráðið hlutaðeigandi lögreglustjórum, svo og enn fremur útgerðarmönnum eða afgreiðslumönnum skipanna, og er þeim og skipstjóra skylt að hafa eftirlit með því að þessum reglum sje hlýtt.

Brot á móti reglum þeim, sem stjórnarráðið þannig setur, varða sektum alt að 10,000 krónum eða fangelsi, og fer með mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 8. janúar 1918.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

8.
23. jan.

um sölu og úthlutun kornvöru, sykurs o. fl.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurlálfuófriðnum, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði: